

Ed.

102. Frumvarp

til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Skipverjar allir skulu vera slysatryggðir á kostnað rikissjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafélagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæzlumenn Íslands á landhelgisvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að vera sérstaklega friðaðir fyrir togaraveiðum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra til allt að 6 ára í senn, en skipstjóri gerir samninga í umboði útgerðarstjórnar skipanna við stýrimenn, vélstjóra, kyndara og aðra starfsmenn, er vinna í vél, bryta, matsveina, þjóna, loftskammtamenn, háseta og kafara, samkv. ákvæðum 6. gr. Í samningi má setja ákvæði um uppsagnarfrest fyrir hvorn samningsaðila.

Ráðherra getur vikið skipstjóra frá starfi án fyrirvara, eftir sömu reglum og embættismönnum úr embætti. Slikur brottrekstur fellur þó úr gildi, ef meiri hluti sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis á sameiginlegum fundi mótmælir brottrekstrinum á næsta þingi eftir brottvísun.

4. gr.

Í samráði við útgerðarstjórn skipanna ræður yfirvérameistari aðra vélstjóra, kyndara og aðra starfsmenn í vél, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins.

Um þá starfssamninga, er skipstjóri gerir við skipverja, gilda uppsagnarfrestir frá beggja hálfu samkvæmt ákvæðum sjómannalaganna, nema öðruvísi sé ákveðið í starfs- eða kaupsamningi.

5. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna hásetum, er á varðskipunum vinna, verklega sjómennsku, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugerð. Dómsmálaráðuneytinu er heimilt að semja reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum með tilliti til sérstöðu þeirra á sjónum, enda komi sú reglugerð ekki í bága við ákvæði sjómannalaganna. Skipverjar mega ekki taka þátt í neinskonar kaupdeilum.

6. gr.

Skipstjóri á varðskipi skal hafa laun eftir sömu reglum og skipstjóri á strandferðaskipum rikissjóðs, að undanskilinni strandferðauppbot, nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum.

Kaupgreiðslur og kjör til fullgildra háseta, kafara, viðvaninga, óvaninga, kyndara, mótormanna, smyrjara, rafmagnsmanna, bryta, matsveina, þjóna, loftskeytamanna, stýrimanna og vélstjóra séu í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkissjóðs, að undanskilinni strandferðauppbót stýrimanna og vélstjóra. Kaupgreiðslur og kjör á skipum þeim, er ríkið leigir til landhelgigæzlu, skulu ákveðin með samningum við hlutaðeigendur.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að búa varðskipin björgunartækjum, eftir því sem ástæða þykir til, og verja til þess fé úr landhelgisjóði eða ríkissjóði. Skip, sem er búið björgunartækjum til hjálpar strönduðum skipum, skal hafa kafara, einn eða fleiri, eftir ástæðum.

8. gr.

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðast þá fyrst af björgunarlaunum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 25% til skipshafnar varðskipsins, og skiptist féð milli skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra. Þó skal greiða ákveðna upphæð af hluta skipshafnar, að dómi skipstjóra, til þeirra manna, er mest hafa lagt sig í hættu við björgunina, áður en skipti fara fram. Að öðru leyti renna björgunarlaun í landhelgisjóð.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 7. maí 1928 og lög nr. 38 23. júní 1932, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga, þar með talin skipunarbréf, er byggjast á ákvæðum þeirra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru sett í eina heild lög in um varðskip landsins og skipverja á þeim frá 1928 og breyting við þau lög frá 1932, ásamt nokkrum breytingum frá eldri lögum. Allt frá því lög in voru sett hefir ríkt veruleg óánægja meðal stýrimanna og vélstjóra yfir því ósamræmi á launum þeirra, er lög in hafa skapað þeim, miðað við hliðstæð störf á íslenskum verzlunarskipum. Upphaflega gerðu lög in ráð fyrir, að starf yfirmanna yrði tryggt og varanlegt starf. Þessu var breytt með lögum frá 1932, þar sem heimilt var að segja þeim upp stöðum sínum samkv. ákvæðum sjómannalaganna. Yfirmannastarf á þessum skipum er því nú orðið öllu ótryggara á varðskipum ríkisins en á verzlunarskipum okkar almennt. Þetta leiðir af sér, að kaupgjald og önnur kjör þurfa að vera sízt lakari á þessum skipum en öðrum skipum, er útheimta samskonar þekkingu, ef hæfir menn eiga að fást í stöðurnar. Reynslan hefir þegar sýnt það, að varðskipin verða að liggja um kyrrt tímunum saman, af ástæðum, sem erfitt

er að ráða bót á, og því fyrirsjáanlegt, að til þess ráðs verður gripið, að segja upp stöðu sinni einum eða fleirum, um skamman eða langan tíma. Þeir, sem fyrir því verða, munu ekki binda sig eingöngu við starf á þessum skipum, ef annað er í boði, enda er nú þegar nokkur hættu á, að sumir af þeim mönnum, er á skipunum vinna, leiti að öðrum störfum eða skiprúmum, vegna þeirra lágu launa, er þeir nú búa við. Með frumvarpinu er fyrir það girt, að menn yfirgefi störf sín af þeim sökum, því að þá geta þeir flutzt af verzlunarskipi yfir á varðskip, eftir atvikum, og gagnkvæmt, án þess að eiga á hættu að missa af launum sínum.

Í sambandi við þessa breytingu á launafyrirkomulagi yfirmanna var nauðsynlegt að gera ýmsar minni háttar breytingar á öðrum greinum laganna, svo löggin færðust til fullkomins samræmis. Þá eru ýmsir starfsmenn á skipunum taldir upp, sem áður hefir ekki verið getið í lögnum, svo sem bryti, matsveinar, loftskeytamenn og vikadrengir. Verður það að teljast rétt, að þeir, sem á skipunum vinna, séu undir ákvæðum laganna, svo enginn ágreiningur geti orðið eftir á, hvaða lögum þeir skuli lúta um kaup og kjör, eins og átt hefir sér stað áður. Breyting á þessum lögum var flutt á síðasta þingi, og vísast að öðru leyti til greinargerðar fyrir því frv. (Alþt. 1933 aukafing, þskj. 93).

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar eru samhljóða 1. og 2. gr. laganna frá 1928 og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er felld niður, að dómsmálaráðherra geri samning við stýrimenn og vélstjóra, þar sem til er ætlað, að þeir séu ráðnir samkv. samningum, er sömu stéttar menn gera við skipaútgærd ríkisins, en skipstjóri samkv. stöðu sinni geri starfssamning fyrir þessa menn, eins og hann hefir áður gert við háseta og kyndara. Þessi breyting er því nauðsynleg, svo samræmi fáiast á lögnum. Að öðru leyti er greinin að mestu samhljóða 1. gr. laganna frá 1932.

Um 4. gr.

Þessi grein er að efni til samhljóða að mestu 4. gr. laganna frá 1928 og 1. gr. laganna frá 1932, þar sem vélstjóra er heimilt að ráða í skiprúm þá menn, sem hann á að stjórna, og skipstjóra aðra skipverja. Er þetta í samræmi við ákvæði sjómannalaganna. Um starfssamninginn sjálfan er átt við lögskráninguna, sem skipstjóra eða fulltrúa hans ber að inna af hendi.

Um 5. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 6. og 7. gr. laganna frá 1928 og þarfnast ekki skýringar. Aðeins vikið nokkru til að orðalagi.

Um 6. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 8. gr. laganna frá 1928. Með henni er felldur niður fastur kauptaxti skipstjóra, vélstjóra og stýrimanna og kaupákvörðunin sett á sama hátt og áður gildi um háseta og kyndara. Auk þeirra eru taldir upp

þeir starfsmenn skipanna, er nú vinna á þeim og hugsanlegir eru í framtíðinni. Lagaákvæði hafa ekki gilt um þá áður, en sjálfsagt er að taka alla starfsmenn skipanna með. Þá er ætlazt til, að lög þessi nái til allra þeirra skipa, er ríkið notar til strandvarna á hverjum tíma.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laganna frá 1932, að því viðbættu, að kafari, einn eða fleiri eftir ástæðum, sé á björgunarskipi. Er nokkur hefð komin á um þetta, þar sem Óðinn og Ægir skiptast nú á um einn kafara, eftir því hvort skipið er í gangi. En björgunarskipi er nauðsynlegt að hafa slíka menn innanborðs með sérkunnáttu á því starfi.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laganna frá 1932, að því viðbættu, að gert er ráð fyrir, að áður en skipt er björgunarlaunum til skipverja, þá sé tekin ákveðin upphæð og skipt milli þeirra manna, er mest hafa lagt sig í hættu við björgunina. Skal skipstjóri ákveða þá upphæð og hvernig hún skiptist. Er þetta í fullu samræmi við ákvæði gildandi laga um björgun almennt samkvæmt siglingalögum.

9. og 10. gr.

þurfa ekki skýringa við.